

Landsmót UMFÍ – Bridge

Reglugerð

1. Þátttökurétt hafa allir spilarar.
 2. Spilaður er Monrad barometer, 8 spil í hverri umferð, 7 umferðir. Dregið er um töfluröð í tölvu keppnisstjóra.
 3. Gefnar eru 60 mínútur á hvern leik. Ef leik er ekki lokið á þeim tíma eru gefnar 5 mínútur til að ljúka honum. Ef leik er þá enn ekki lokið eru viðkomandi sveit(ir) sektaðar samkvæmt eftirfarandi:
 - 0-5 mínútur framyfir: ½ vinningsstig.
 - 5-10 mínútur framyfir 1 vinningsstig.
 - 10-15 mínútur framyfir 2 vinningsstig.
- Tefjist leikur lengur en 5 mínútur getur keppnisstjóri beitt harðari refsingum. Telji spilarar að andstæðingar þeirra noti óheyrilega langan tíma skulu þeir gera keppnisstjóra viðvart svo hann geti fylgst með og gripið til viðeigandi ráðstafana, þar með talið að ógilda spil sem eftir er að spila.
4. Spilarar skulu temja sér stundvísi við upphaf hvorrar umferðar. Mæti spilara 5 mínútum of seint skal sekta um 0,5 vinningsstig og 0,5 fyrir hverjar 5 mínútur eftir það. Leikur telst tapaður ef sveit mætir 25 mínútum of seint.
 5. Allir leikir reiknast í IMP-stigum og vinningsstigum (20-0 skalinn).
 6. Gefin eru silfurstig skv. reglum Bridgesambands Íslands (keppnisstjóri fyllir þau út eftir á)
 7. Sveit sem ekki spilar leik vegna forfalla annarrar sveitar fær eftirfarandi hagstæðustu skor:
 - A. 12 stig
 - B. Meðaltal stiga sem aðrar sveitir hafa náð gegn sveitinni sem ekki mætir.
 - C. Meðaltal eigin stiga í spiluðum leikjum.
 - D. Meðaltal stiga sem tvær næstu sveitir fyrir ofan hana hafa unnið til gegn sveitinni sem ekki mætti. Sé sveitin í 2 sæti er eingöngu borið saman við sveitina í fyrsta sæti. IMP-stig eru gefin sem lágmark þeirra IMP-stiga sem samsvara vinningsstigunum.
 - E. Forfallist sama sveit í helmingi eða fleiri umferða telst hún fallin úr keppni og fyrri árangur hennar strikast út og aðrar sveitir teljast hafa átt yfirsetu gegn henni og hljóta 12 stig.
 8. Komi upp ágreiningur við spilaborðið sker keppnisstjóri úr.
 9. Ef í ljós kemur að sveitarfélagar hafa setið eins í báðum sölum skulu úrslit leiksins verða 8-8. Ef það gerist oft en einu sinni fær sú sveit 0 stig úr þeim leik.
 10. Sú sveit sem talin er upp á undan skal sitja í N-S í opnum sal og sú sem talin er á eftir skal setjast á undan.
 11. Strax eftir hverja umferð skal sveitarforingi eða fulltrúi hans bera úrslit leiksins saman við andstæðinginn sem og niðurstöðu tölvuútreiknings hjá keppnisstjóra.
 12. Öll neysla og meðferð áfengis í spilasal á meðan á mótinu stendur er bönnuð.
 13. Að öðru leyti er spilað eftir alþjóðalögum í keppnisbridge.